

Nýir tímar í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Staðreyndir og tölur



Markmið

Samgöngusáttmálinn

Samgöngusáttmálinn er tímamótasamkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára.

Framtíðarsýn

Samkomulagið byggir á sameiginlegri framtíðarsýn þar sem farið verður í samgönguúrbætur með áherslu á fjölbreyttan ferðamáta á fimmtán árum, úrbætur sem annars hefðu tekið 50 ár miðað við núverandi áætlanir.

Heildarfjármögnun framkvæmda er 120 milljarðar

45 ma. kr ríki

15 ma. kr sveitarfélög

60 ma. kr sérstök fjármögnun

Skipting fjármuna



52,2

ma. kr. í stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu



49,6

ma. kr. í innviði fyrir Borgarlínu



8,2

ma. kr. í hjólastíga, göngubrýr og undirgöng



7,2

ma. kr. í umferðarstýringu og öryggisaðgerðir



2,7

ma. kr. í fjármagns-kostnað



Kolefnishlutlaust samfélag

Stuðla að því að ná loftslagsmarkmiðum ríkis og sveitarfélaga um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningssamgangna og deilihagkerfis í samgöngum, bættum innviðum fyrir vistvæna samgöngumáta og hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta.



Greiðari samgöngur og fjölbreyttir ferðamátar

Greiðar, hagkvæmar og skilvirkar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.



Aukið umferðaröryggi

Stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum.



Samvinna og skilvirkar framkvæmdir

Tryggja skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.

Helstu framkvæmdir

Stofnvegir	Upphaf	Lok
Vesturlandsvegur: Skarhólabraut – Hafravatnsvegur	2019	2020
Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur – Krísuvíkurvegur	2019	2020
Suðurlandsvegur: Bæjarháls – Vesturlandsvegur	2021	2021
Reykjanesbraut: Gatnamót við Bústaðaveg	2021	2021
Arnarnesvegur: Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut	2021	2021
Sæbrautarstokkur: Vesturlandsvegur – Holtavegur	2021	2022
Miklabrautarstokkur: Snorrabraut – Rauðarárstígur	2022	2023
Miklabrautarstokkur: Rauðarárstígur – Kringlumýrarbraut	2024	2026
Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata	2024	2028
Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls	2027	2027
Hafnarfjarðarvegur: Stokkur í Garðabæ	2028	2030

Borgarlína

Borgarlína: Ártún – Hlemmur	2021	2023
Borgarlína: Hamraborg – Hlemmur	2021	2023
Borgarlína: Hamraborg – Lindir	2023	2024
Borgarlína: Mjódd – BSÍ	2024	2026
Borgarlína: Kringlan – Fjörður	2027	2030
Borgarlína: Ártún – Spöng	2029	2031
Borgarlína: Ártún – Mosfellsbær	2031	2033



Göngu- og hjólastígar

Stórátak verður í uppbyggingu nýrra göngu- og hjólastíga.



Umferðarstýring

Þegar í stað verður ráðist í að innleiða stafræna umferðarstýringu á höfuðborgarsvæðinu.



Bætt leiðarkerfi Strætó

Leiðarkerfi Strætó verður aðlagð að legu Borgarlínu og aðgengi borgarbúa að hágæða almenningsamgöngum stóreflt.

Breytt fjármögnunarkerfi

Vegakerfið á Íslandi hefur verið fjármagnað með bensín- og olíugjöldum. Hlutfall vistvænna ökutækja eykst hratt og segja spár að strax árið 2025 hafi tekjur af bensín- og olíugjöldum lækkað verulega. Innheimta flýti- og umferðargjalda er því hluti af breyttu fjármögnunarkerfi fyrir samgöngur á landinu.

Hlutfall vistvænna ökutækja af heild

